Um brattar heiðar, dauðans skuggadal,
Unz dvfnar nótt.
Með morgni brosa andlit engilheið
Er unni eg lengi' en hurfu mjer af leið.

# Skýrslur Safnaða og Presta.

:o:

Talað var um það á kyrkjuþinginu síðasta, að æskilegt væri að samdar væri skýrslur við hver ársmót, af söfnuðum og prestum kyrkjufjelagsins, og þær svo sendar skrifara kyrkjufjelagsins, ekki síðar en mánuði fyrir þing.

Til hægðarauka fyrir safnaðaskrifarana, var nefnd skipuð af þinginu til þess að útbúa og láta prenta skýrsluform, er nota mætti svo við samning þessara skýrsla. Hefir nefndin nú lokið starfi og birtum vjer það hjer, samandregið. Eru nú form þessi til útbýtingar á skrifstofu "Heimis" og hjá kyrkjufjelagsskrifara, sjera Guðm. Árnasyni. Eru safnaðaskrifarar beðnir að panta þau, eftir þörfum, við fyrstu hentugleika. Þau eru send ókeypis og á kostnað kyrkjufjelagsins.

## A. SAFNAÐARSKÝRSLA.

I.

1. Nafnaskrá safnaðar | Aldur | Heimili

2. Innskrifaðir á árinu —

Nöfn. | Aldur. | Heimili.

3. Fæddir og skírðir á árinu —

Nöfn. | Foreldri. | Heimili.

4. Fermdir á árinu —

Nöfn. | Foreldri. | Heimili.

5. Úrsagnir á árinu —

Nöfn. | Heimili. | Ástæður fyrir úrsögn.